

Nr. 027 / 10 Óskar RE 157

Strandar í Hafnarfjarðarhöfn

Skipaskr.nr. 962 IMO nr, 6416768
Smíðaður: Zaandam Hollandi 1964 stál
Stærð: 250 brl. 379 bt.
Mesta lengd: 40,9 m Skráð lengd: 37,25 m
Breidd: 7,24 m Dýpt: 6,15 m
Vél: Stork Werkspoor 735 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:

Gögn RNS



Óskar ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. mars 2010 var Óskar RE 157 í Hafnarfjarðarhöfn. Veður: Hægviðri.

Þegar skipið var að leggja úr höfn frá Hafnarfirði áleiðis til Grænlands með ýmsan búnað um borð þegar upp kom bilun í stjórnþúfaðri skrúfunnar. Skipstjóri hafði bakkað frá bryggjunni og ætlaði að setja á takmarkaða ferð áfram en í stað þess fór aðalvélin á fulla ferð. Hann ætlaði þá að setja aftur á afturábak en búnaðurinn tók seint við sér. Skipið tók ekki við sér fyrr enn það hafði strandaði í fjörunni innan hafnarinnar. Erfiðlega gekk einnig að stöðva vélina úr afturábakstillingu.



Hafnsögubáturinn Hamar var fenginn til aðstoðar og reyndi hann að draga Óskar RE af strandstað en dráttartaugin á milli skipanna slitnaði. Á flóði tókst að ná skipinu á flot og var kafari fenginn til að skoða botninn. Engar skemmdir voru á botni skipsins en netadræsur reyndust vera í skrúfunni.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt upplýsingum frá viðgerðaraðila reyndist bilun vera í rafeindarstýrðum stjórnþúfum. Einnig fannst bilun í prentkortum;
- að bilunin var rakin til slæmrar umgengni, raka vegna langrar legu skipsins og útleiðslu á 24V stýrisstraum (jafnstraumur). Fram kom að mikið var rafsoðið í

skipinu fyrir brottför þar sem farmur var rafsoðinn við þilfarið sem gæti hafa haft áhrif á útleiðsluna.

Nefndarálit:

Orsök þess að skipið strandaði var bilun í rafeindarstýrðum stjórnækjum á niðurfærslugír sem rekja má til slæms ástands.